

Opinn fundur skólaráðs 9. febrúar 2023

Mættir auk skólaráðs, fulltrúar úr fræðsluráði, frá fræðslusviði og foreldrar alls 14 manns.

Friðrik skólastjóri bauð gesti velkomna og Gunnar Gíslason frá Miðstöð skólaþróunar við HA sem kynnti menntastefnu sveitarfélagsins.

Í framsögu Gunnars kom fram að mikið og gott samráð hafi verið við hagaðila í vinnu og undirbúningi menntastefnunnar. Stefnan gengur út á að tilgreina hvert við viljum fara, hvert við stefnum og hver markmiðin og viðmiðin eru. Hún þarf að vera skýr en getur verið háfleg. Nafn stefnunnar *Í hverju barni býr fjársjóður* er stefna sem gengur út á að virkja börn mennta og undirbúa fyrir farsælt lífshlaup, efla siðvit og verkvit, þroska nemendur og samkennd þeirra og hæfni í fjölmennningarlegu og síbreytilegu samfélagi.

Velferð og hagsmunir nemenda skulu ávallt hafðir að leiðarljósi og að allir geti náð árangri. Forsenda stefnunnar er að nemendur þjálfist til að takast á við síbreytileg verkefni í samfélagi sem við vitum ekki hvernig verður

Gunnar fór yfir helstu þætti stefnunnar og hlutverk aðila skólasamfélagsins, stuðning við nám og kennslu, hvernig stefnan er metin í sjálfsmati, hugmyndir um lærdómssamfélagið, námsumhverfið, hlutverk nemenda, starfsfólks, kennara og foreldra.

Alls eru sex þættir/markmið metnir reglulega og settir upp í markmiðstöflu.

Mikilvægt að hafa í huga að það þýðir ekki að segja fólki að breytast eða breyta einhverju. Það þarf stuðning og þjálfun til að innleiða breytingar.

Umræður

- Vanlíðan og áherslu á farsæld barna sem er mikið í umræðunni.
- Hvernig á að bæta skólastarf út frá markmiðstöflum?
- Hvernig markmiðin eru metin og hvaða leiðir eru farnar.
- Hvar skólinn stendur hvað er á fimmta stigi sem eru fyrirmyndar vinnubrögð og hvað er ekki komið jafn langt. Mikilvægt að skólinn meti stöðu sína á markvissan hátt.
- Starfsfólk hefur verið að meta markmið/matsþætti, hvar teymin standa, hvernig þeim finnst þau standa sig, í hverju þau eru góð og af hverju.
- Hvernig hægt er að meta markmiðin án þess að vera að meta of mörg í einu.
- Stefnt er að breytingum á kennsluháttum á unglingsstigi, horfa á nám barna á nýjan hátt út frá hæfni og markmiðum og að verkefni og skil taki mið af því. Gert er ráð fyrir því að engin formleg stundatafla verði notuð heldur er skóladagurinn nýttur til fjölbreyttrar vinnu, verkefnamiðað og hæfnimiðað nám.

Fundargerð ritaði

Friðrik Arnarson